

Stöðugleikaaðgerð fyrir axlir

Mæting í aðgerð er á **6. hæð í Urðarhvarfi 8**. Þú þarft að vera fastandi (**hvorki matur eða drykkur í 6 tíma fyrir aðgerð**) og hafa farið í sturtu um morguninn. Áður en þú ferð inn á skurðstofu hittir þú skurðlækni þinn sem merkir viðeigandi aðgerðarstað. Einnig ræðir svæfingalæknir við þig. Ágætt er að skilja eftir heima eða taka af sér hringa og skartgrip í fingrum fyrir aðgerð og vera í þægilegum fötum. Oftast þarf að fara úr fötum nema nærfötum fyrir aðgerð.

Að lokinni aðgerð ferð þú um stund á uppvöknunarherbergi. Þegar þú hefur jafnað þig og ert farinn að nærast er ekkert því til fyrirstöðu að þú getir farið heim. Oftast tekur þetta um 2-3 tíma í allt. Þú keyrir ekki bíl sama dag.

Áður en þú ferð af læknaðstöfunni ræðir læknir þinn við þig og gefur þér endurkomutíma sem oftast er um 1-2 vikum eftir aðgerð.

Sjá nánari upplýsingar um stöðuleikaaðgerðir á öxlum á leitarsíðum undir Bankart eða Latarjet operation. Markmið aðgerðar er annað hvort að endurfesta liðbönd sem gera öxlina stöðuga eða færa til beinbíta með áföstum vöðva sem fest er framanvert á liðskál.

Ekki taka nein blóðþynnandi lyf né heldur náttúrulyf og lýsi 1 viku fyrir aðgerði. Bólqueyðandi lyf má taka. Ef þú tekur blóðþrýstingslyf þá á að taka þau eins og önnur lyf um morguninn fyrir aðgerð með sopa af vatni.

Hreyfing: Vanalega má hreyfa höndina fljótlega eftir aðgerð en miðað er við leiðbeiningar sem verða gefnar eftir aðgerð á sjúkrahjálfunarbeiðni.

Verkir: Mikilvægt er að taka verkjalyf reglulega fyrstu dagana sem send eru rafrænt í apótek samdægurs en minnka fljótlega notkun þegar verkir minnka. Gott er einnig að hafa kælipoka á öxlinni af og til eftir aðgerð til að minnka verki.

Umbúðir: Taka allar umbúðir af eftir 3-5 daga, þá getur þú farið í sturtu. Muna að þurrka vel sárin og setja síðan umbúðir yfir sem loftar um (fást í apótekum). Umbúðir þarf að hafa yfir meðan vætlar úr sárinu, en það er algengt vegna vökvans sem notaður er í aðgerðinni. Ef enn vætlar úr sárinu eftir um það bil viku þá þarftu að hafa samband við okkur.

Kostnaður við aðgerð má sjá á heimasíðu Orkuhússins inn á Læknastöðin.

Ef eitthvað ber að höndum s.s. auknir verkir, blæðing eða hiti, þá getur þú haft samband við ritara í síma 5200140 eða ef mjög brátt þá við undirritaðan í síma 7788543. Ef ekki næst í viðkomandi lækni þarf að leita til læknavaktar.

Örnólfur Valdimarsson MD, PhD, OLY.

Bæklunarskurðlæknir

Læknastöðin Orkuhúsinu

Urðarhvarf 8

203 Kópavogur